

Djúpavogshreppur
Sveitarstjóri
Bakka 1
765 Djúpivogur

Reykjavík 27. nóvember 2017
UST201710-243/K.S.J.
10.04.03

Efni: Lýsing. Deiliskipulag – Hamarssel - Djúpavogshreppi


Vísað er til erindis sveitarstjóra Djúpavogshrepps er barst 25. október þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu deiliskipulags í landi Hamarssels, Djúpavogshreppi.


Í lýsingu kemur fram að viðfangsefni deiliskipulagsins er að staðsetja byggingarreiti tveggja bústaða, setja fram skilmála um húsagerð, gera tillögu að aðkomu, bílastæðum, göngustígum og gróðri, jafnframt því að gera grein fyrir lögnum og veitum.

Umhverfisstofnun minnir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999.

Að mati Umhverfisstofnunar er í ofangreindri lýsingu gerð grein fyrir þeim þáttum sem þörf er á og í því umfangi sem tillagan gefur tilefni til.

Virðingarfyllt


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur